LANDSSKIPULAG
2015–2026

# Landsskipulagsstefna og loftslagsmál

Tengiliðafundur samstarfsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og heimsmarkmið

19. október 2020

Hrafnhildur Bragadóttir
Skipulagsstofnun

# Gildandi landsskipulagsstefna






**Búsetumynstur og dreifing byggðar**



**Skipulag í dreifbýli**



**Skipulag á miðhálendi Íslands**



**Skipulag á haf- og strandsvæðum**




loftslag
landslag
lýðheilsa

# FERLIÐ



vörður
áfangar
2018
2019
2020
2021
Bréf ráðherra um umfang og áherslur
Skipun ráðgjafarnefndar
Lýsing auglýst
Skýrslur um forsendur og fyrirmyndir kynntar
Tillaga auglýst
Tillaga til ráðherra
Þingsályktun
Upphaf ferlis
Samráð um áherslur
Forsendugreining og undirbúningur
Morgunfundaröð
Vinnsla tillögu og umhverfismat
Kynning og afgreiðsla tillögu
Afgreiðsla þingsályktunar
Kynningar- og samráðsfundir og málstofur
Skriflegar ábendingar og athugasemdir

# Helstu áfangar síðan lýsing var kynnt vorið 2019

- **Greining forsendna og fyrirmynda**
  - Landslag og vindorka
  - Kolefnisspor landnotkunar
  - Loftslagsaðgerðir í skipulagi þéttbýlis
  - Lýðheilsa og skipulag
  - Afmörkun víðerna
  - Rannsókn á viðhorfum fólks til víðerna
  - Kortlagning landslagsgerða á Íslandi





Kolefnisspor landnotkunar

Aðferðir við útreikninga og fengin reynsla

Minnisblað fyrir Skipulagsstofnun, desember 2019

Efnisyfirlit


Samantekt ... 1
1 Inngangur ... 2
2 Aðferðafræði og kerfismörk ... 3
3 Niðurstöður og umræða ... 5
4 Ályktanir ... 6
4.1 Loftslagsmál í landsskipulagsstefnu ... 6
4.2 Loftslagsmál í skipulagsáætlunum sveitarfélaga ... 6
Heimildir ... 8


Samantekt

Í þessu minnisblaði er gerð grein fyrir þeirri reynslu sem fengin er af útreikningum á losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna landnotkunar á Íslandi og bent á mikilvægi þessa þáttar í heildarsamhenginu sem horfa þarf til við gerð skipulagsáætlana. Minnisblaðið var tekið saman af Environice að beiðni Skipulagsstofnunar.

Í minnisblaðinu eru kynntar bráðabirgðaniðurstöður útreikninga á losun vegna landnotkunar á Norðurlandi vestra, Suðurlandi, í Borgarbyggð og á Akureyri. Meginniðurstaðan er sú að losun GHL frá framræstu votlendi sé um eða yfir 90% af heildarlosun á þessum svæðum, að Akureyri undanskilinni. Binding í skógrækt og landgræðslu gerir það að verkum að samanlögð losun vegna landnotkunar (nettólosun) er nokkru lægri, eða um 85-90% af heildarlosun svæðanna.

Af tölunum sem settar eru fram í þessu minnisblaði er ljóst að ákvarðanir um framtíðarnýtingu lands hafa gríðarleg áhrif á kolefnisbúskapinn. Þar vega þyngst ákvarðanir um nýtingu óraskaðs votlendis og framræsts votlendis. Skipulagsyfirvöld þurfa að stuðla markvisst að því að draga úr losun GHL vegna landnotkunar, þ.m.t. með ákvörðunum um verndun þess votlendis sem enn er óraskað, bæði á hálendissvæðum og í byggð. Sömuleiðis þarf að greina hvar stærstu tækifærin liggja í endurheimt votlendis sem þegar hefur verið framræst.

Staðan í loftslagsmálum, og þá ekki síst það hversu stóran hlut landnotkun á í heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi, hlýtur ein og sér að kalla á endurskoðun aðalskipulags einstakra sveitarfélaga, enda tiltölulega stutt síðan umfang vandans varð jafn ljóst og það er nú orðið.

environice






# Helstu áfangar síðan lýsing var kynnt vorið 2019

- **Morgunfundaröð um landsskipulagsstefnu**
  - 29. okt. Vindorka og landslag
  - 28. nóv. Skipulag landbúnaðarlands
  - 28. jan. Loftslagsmál og skipulag í þéttbýli
  - 5. mars Skipulag og lýðheilsa
  - 26. ágúst Málþing um skipulag og hönnun í landslagi

28.8.2020

**Lífið í landslaginu – málþing um skipulag og hönnun í landslagi**

Morgunfundaröð um landsskipulagsstefnu



29.1.2020

## Skipulagi beitt til að ná árangri í loftslagsmálum

Morgunfundaröð um landsskipulagsstefnu



6.3.2020

## Hvernig stuðlar skipulag að heilsuvænni byggð?

Morgunfundaröð um landsskipulagsstefnu



1.11.2019

## Morgunfundur um vindorku og landslag

Morgunfundaröð um landsskipulagsstefnu



29.11.2019

## Losun frá framræstu votlendi kallar á endurskoðun aðalskipulags þegar í stað

Morgunfundur um skipulag landbúnaðarlands – samfélag, landslag og loftslag



# Stefna stjórnvalda í loftslagsmálum

- Kolefnishlutleysi árið 2040
- 40% samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda á beinni ábyrgð Íslands fram til 2030 miðað við 2005
- Aukin kolefnisbinding og samdráttur í losun frá landi
- Stefnumörkun byggist á alþjóðlegum og evrópskum grunni – þróun þar hefur áhrif hér á landi
- Aðlögunaráætlun á landsvísu í undirbúningi



# Loftslagsmál í landsskipulagsstefnu

Í landsskipulagsstefnu verði sett fram stefna og leiðbeiningar um hvernig beita megi skipulagsgerð til að stuðla að og tryggja víðtækar og viðeigandi aðgerðir í loftslagsmálum **í tengslum við landnýtingu og hið byggða umhverfi**.

# Áherslur umhverfis- og auðlindaráðherra

Skipulagsaðgerðir sem miði að því að **draga úr losun gróðurhúsalofttegunda,** svo sem með samþættu byggðar- og samgönguskipulagi sem dragi úr ferðaþörf, styðji fjölbreyttan ferðamáta og tryggi innviði fyrir orkuskipti.

Skipulagsaðgerðir sem miða að **bindingu gróðurhúsalofttegunda** með verndun og endurheimt votlendis, landgræðslu og skógrækt.

Skipulagsaðgerðir vegna **aðlögunar að loftslagsbreytingum**, svo sem með grænum innviðum, varnarmannvirkjum og útfærslu byggðar með tilliti til hækkunar sjávarborðs.

# Hvernig getur skipulagsgerð stuðlað að árangri í loftslagsmálum?



# Hvað er loftslagsmiðað skipulag?

**Skipulag byggðar og landnotkunar sem stuðlar að kolefnishlutleysi og viðnámsþrótti gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga**

*Almenn atriði til skoðunar við mótun landsskipulagsstefnu:*

Skipulag grundvallist á stefnu um loftslagsáhrif byggðar og landnotkunar og um aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga

Mat á loftslagsáhrifum skipulags (og annarra áætlana um byggð og landnotkun)

Leiðbeiningar- og fræðsluhlutverk Skipulagsstofnunar

Hvatning og vitundarvakning um loftslagsáhrif byggðar og landnotkunar

Endurskoðun laga og reglugerða

# Hverjir eru helstu þættir loftslagsmiðaðs skipulags?

## Loftslagsvænar samgöngur

Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virka ferðamáta.

## Loftslagsvæn byggð

Skipulag miði að því að minnka kolefnisspor byggðar og efla hringrásarhagkerfið.

## Loftslagsvæn landnotkun

Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri.

## Byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum

Skipulag efli viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

# Loftslagsvænar samgöngur

**Skipulag byggðar og landnotkunar miði að því að draga úr loftslagsáhrifum samgangna, með áherslu á virka ferðamáta**

*Helstu áherslur við mótun landsskipulagsstefnu:*

Þétt og blönduð byggð í þágu loftslagsmála – 20 mínútna bærinn

Virkir ferðamátar og orkuskipti í samgöngum í þágu loftslagsmála

Viðhorf til virkra ferðamáta

# Loftslagsvæn byggð

**Skipulag miði að því að minnka kolefnisspor byggðar og efla hringrásarhagkerfið**

*Helstu áherslur við mótun landsskipulagsstefnu:*

Vistvæn byggð og mannvirkjagerð

Endurvinnsla og endurnýting

# Loftslagsvæn landnotkun

**Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri**

*Helstu áherslur við mótun landsskipulagsstefnu:*

Greining landgæða

Varðveisla og binding kolefnis í jarðvegi og gróðri

Vernd og endurheimt votlendis

Skógar og skógrækt

Sjálfbær matvælaframleiðsla og ræktun orkujurta

Leiðbeiningar um flokkun og skipulag landbúnaðarlands

Upplýsingagátt fyrir stefnumótun um loftslagsvæna landnotkun

# Byggð með viðnámsþrótt gagnvart umhverfisbreytingum

**Skipulag efli viðnámsþrótt byggðar og samfélags gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga**

*Helstu áherslur við mótun landsskipulagsstefnu:*

Mat og kortlagning áskorana

Skipulag og mannvirkjagerð með tilliti til umhverfisbreytinga

Grænir innviðir

# www.landsskipulag.is

